



341. fundur Afrekssjóðs ÍSí

14. október 2025 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir (PE), Stefán Jóhannesson(SJ)

Aðrir: Kristín Birna Ólafsdóttir Afrekisstjóri ÍSí, Olga Bjarnadóttir formaður stjórnar AMÍ, Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ), Kári Mímisson (KM)

1. Úthlutun vegna 2026

Umræðu um áherslur og viðmið ársins 2026 var framhaldið frá síðasta fundi. Talið rétt að halda áherslunum óbreyttum frá fyrra ári en hækka nokkra þætti lítillega.

Umræða fór fram um styrki til sérsambanda og einstaklinga frá ÍSí. Allir sammála um að mikilvægt sé að stjórn ASJ sé upplýst um aðra slíka styrki sem ÍSí er að greiða.

Umræða fór fram um árangursstyrk. Talið rétt að halda slíkum styrk áfram.

2. Tímarammi umsóknar v. 2026

Farið var yfir áætlaðan tímaramma vegna umsóknarferlis vegna 2026. Áætlað að framkvæmdastjórn staðfesti úthlutun 12. eða 18. desember 2025.

3. Kynningarfundur með sérsamböndum

Stuttar umræður um kynningarfund með sérsamböndum nk. fimmtudag þar sem kynntar verða úthlutunarreglur sjóðsins auk áherslna og umsóknar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.12.